

Starfslýsing, félagsmálafulltrúi

Starf

Félagsmálafulltrúi

Næsti yfirmaður

Skólameistari

Starfshlutfall

4 klst. á mánuði á starfstíma skólans. Greitt sérstaklega fyrir viðburði og ferðir.

Tilgangur og markmið starfs

Félagsmálafulltrúi er nemendum til halds og trausts varðandi félagsmál og er tengiliður milli nemenda og stjórnenda skólans hvað félagslífið varðar.

Helstu verkefni

- Er nemendum til ráðuneytis um félagsmál og skipulagningu þeirra
- Skipuleggur umsjón og eftirlit með samkomum nemenda
- Aðstoðar nemendur eftir þörfum við fjárreiður félagslífsins í samstarfi við fjármálastjóra
- Situr reglulega fundi með stjórn Hugins

Ábyrgð

Félagsmálafulltrúi ber ábyrgð á að leiðbeina stjórn skólafélagsins og vera þeim innan handar við skipulag félagsstarfsins og er tengiliður þeirra við skólastjórnendur. Einnig er félagsmálafulltrúi tengiliður skólans við þriðjabekkjarráð.

Menntun, reynsla og hæfni

Uppfylla kröfur um kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla. Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

Annað

Félagsmálafulltrúa er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er félagsmálafulltrúa að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en félagsmálafulltrúi stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka

Starfslýsing, félagsmálafulltrúi

við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Félagsmálafulltrúa er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Ráðið er til starfsins til tveggja ára og það auglýst innan skólans.